

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

- Að eftirtalin bifreiðastæði verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða:
    - tvö við Bríetartún 3-5,
    - eitt við Baldursgötu 14,
    - tvö við Grettisgötu 87,
    - eitt við Kirkjustræti 4.
  - Að gönguþverun við Sóltún 6 verði merkt sem gangbraut.
  - Að strætóstöð á Sogavegi við Akurgerði verði merkt sem biðstöð hópbifreiða.
  - Að tvístefnuakstur verði á Sólvallagötu milli Hofsvallagötu og Hólatorgs.
  - Að heimilt verði að leggja samsíða við götukant sunnan til í Sólvallagötu.
  - Að gönguþverun yfir Súðarvog við Naustavog verði merkt sem gangbraut.
- Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra.
- Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 6. desember 2023.*

**Jóhanna Guðjónsdóttir** lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 20. desember 2023